

Skipulagsfulltrúi Hveragerðis
Guðmundur F. Baldursson
Breiðumörk 20
810 Hveragerði

Reykjavík, 17. september 2021
UST202108-228/A.Þ.
10.04.01

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 og nýtt deiliskipulag – Zip Line braut

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar er barst 23. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 og nýju deiliskipulagi fyrir Árhólmasvæðið.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting felur í sér heimild fyrir „zip line“ línubraut á Árhólmasvæði við Hengladalaá og Varmá í Hveragerði. Ráðgert er að reisa palla við upphaf og enda brautarinnar með tveimur samsíða línnum strengdum á milli. Upphafspallurinn verður staðsettur í Kömbunum, sunnan Hengladalaár skammt ofan við Svartagljúfursfoss. Áætlað er að pallurinn verði 8-12 m hár og verði að auki nýttur sem útsýnispallur. Lengd línunnar verður rúmur 1 km. Ráðgert er að samnýta aðstöðu, þ.e. bílastæði og þjónustuhús, við mynni Reykjadal.

Umhverfisstofnun bendir á að unnið er að friðlýsingu Reykjatorfunnar í Ölfusi en fyrirhuguð „zip line“ lína liggur rétt utan við mörk svæðisins.

Sérstök vernd

Í greinargerð segir að á svæðinu gildi ákvæði um verndun tiltekinna vistkerfa og jarðminja, m.a. fossa að því leyti að sýn að þeim spillist ekki.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að innan og í námunda við fyrirhugað skipulagssvæði eru, auk fossa, hraun og votlendi sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Á svæðinu þar sem ráðgert er að byggja upphafspall „zip line“ brautarinnar er forsögulegt hraun sem nýtur verndar skv. a. lið 2. mgr. 61. greinarinnar og sunnan við verslunar- og þjónustusvæðið er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. a. lið 1. mgr. 61. greinarinnar. Fossar í Hengladalaá njóta sérstakrar verndar skv. b. lið 2. mgr. greinarinnar en verndunin gengur út á að sýn að fossunum spillist ekki. Mikilvægt er að fram komi í tillögunni hvort „zip line“ brautin hafi áhrif á sýn fossanna. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufríbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að bökkum Hengladalaá verði ekki raskað við gerð göngustíga og göngubrúa og að báðir pallarnir við upphaf og enda línunnar séu staðsettir nægilega langt frá árbakkanum þannig að uppsetning þeirra raski honum ekki eða hafi áhrif á ána. Samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í og við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta nágrenni vatnsins.

Umhverfismat

Í greinargerð kemur fram að gerð verði grein fyrir umhverfisáhrifum í samræmi við 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gr. 4.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Umhverfisstofnun bendir á að við gerð deiliskipulagstillögu skal fara eftir 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðarinnar.

Stofnunin telur mikilvægt að gerð verði grein fyrir áhrifum tillögunnar á ásýnd svæðisins. Við hönnun útsýnispallsins er mikilvægt að hann falli sem best að svipmóti lands og áhrif hans á ásýnd svæðisins verði lágmörkuð.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur